



Reykjavík, 16. nóvember 2020

SFS2020100105

196. fundur

HG/gh

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Íslenskuverðlaun unga fólksins í bókmenntaborginni Reykjavík 2020

Íslenskuverðlaun unga fólksins í bókmenntaborginni Reykjavík voru afhent á *Degi íslenskrar tungu* 16. nóvember 2020. Er þetta í fjórtánda sinn sem verðlaunin eru afhent en þau eru á vegum skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar í samstarfi við Reykjavík bókmenntaborg UNESCO. Íslenskuverðlaununum er ætlað að auka áhuga grunnskólanema í Reykjavík á íslenskri tungu og hvetja þá til framfara í töluðu og rituðu máli.

Að þessu sinni fengu um 70 nemendur í 34 grunnskólum verðlaun og hafa þátttökuskólar aldrei verið fleiri. Samtals hafa tæplega 900 nemendur eða nemendahópar verið tilnefndir til verðlaunanna frá upphafi. Allir grunnskólar í borginni geta tilnefnt nemendur eða nemendahópa, einn á hverju skólastigi. Meðal verðlaunahafa voru ungir, áhugasamir lestrarhestar, framúrskarandi upplesarar, nemendur með annað móðurmál en íslensku sem náð hafa góðum tókum á íslensku á skömmum tíma, sagnahöfundar og ljóðskáld.

Verndari verðlaunanna er frú Vigdís Finnbogadóttir, forseti Íslands 1980-1996 og hefur hún oftast verið viðstödd afhendinguna. Verðlaunin að þessu sinni voru viðurkenningarskjal með undirritun Vigdísar Finnbogadóttur og bókin *Ljóðaúrval* með ljóðum Jónasar Hallgrímssonar í samantekt Böðvars Guðmundssonar. Verðlaunahafar fengu einnig að gjöf bókamerki frá Reykjavík bókmenntaborg UNESCO.

Verðlaunaafhendingin var með breyttu sniði að þessu sinni í ljósi samkomutakmarkana í tengslum við COVID-19 faraldurinn. Í stað sameiginlegs viðburðar í Hörpu voru verðlaunin afhent í hverjum skóla fyrir sig á *Degi íslenskrar tungu*. Gert var myndband sem skólarnir spiluðu á undan afhendingunni. Myndbandið inniheldur stutt ávörp Skúla Helgasonar formanns skóla- og frístundaráðs, Mörtu Guðjónsdóttur formanns nefndar um verðlaunin og Vigdísar Finnbogadóttur. Í lok myndbandsins er textinn *Á íslensku má alltaf finna svar*, með undirleik. Nöfn allra verðlaunahafa birtast í lok myndbandsins.

Nefnd um verðlaunin er skipuð Mörtu Guðjónsdóttur fulltrúa í skóla- og frístundaráði sem er formaður, Kristínu Jóhannesdóttur fyrir hönd skólastjóra, Láru Guðrúnu Agnarsdóttur fyrir hönd kennara, Ólöfu K. Sívertsen fyrir hönd grunnskólahluta fagskrifstofu og Kristínu Viðarsdóttur fyrri hönd Reykjavíkur Bókmenntaborgar UNESCO. Starfsmenn skóla- og frístundasviðs sem sáu um undirbúning og framkvæmd eru Anna Garðarsdóttir, Guðrún Hjartardóttir og þá sáu þær Erla Stefánsdóttir og Antonía Lárusdóttir í Mixtúru um gerð myndbands.